

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 11. tbl. Lögbirtingablaðsins 18
1944, um endurnýjun ferðaskirteina skipa samkvæmt boði brezku 28. febr.
flotastjórnarinnar.**

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt islenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll islenzk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. marz 1944 ferðaskirteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skirteini þessi verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

REGLUGERÐ

19

25. febr.

um styrkveitingar til sjúklinga með alvarlega, langvinna sjúkdóma.

1. gr.

Auk sjúklinga, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi og geðveiki, svo og fávita, ofdrykkjumanna og eiturlyfjaneytenda, koma til greina við styrkveitingar samkvæmt 1. tölulið 1. greinar laga nr. 78 23. júní 1936 sjúklingar, sem haldnir eru öðrum alvarlegum, langvinnnum sjúkdómi, enda sé sjúkdómurinn í eðli sínu langvinnur (kroniskur) og komið hafi í ljós eða fastlega megi gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi sjúklingur þarfnist sér til lækningar sjúkrahúsvistar misserum saman, eða siendurtekinnar sjúkrahúsvistar árum saman. Elli og sjúkdómar þeir, er almennt teljast til ellikramar, koma hér ekki til greina.

2. gr.

Sjúkdómar í eðli sínu langvinnir teljast í þessu sambandi meðal annarra:

1. Mænusótt með tilliti til eftirstöðva hennar.
2. Heilaæxli.
3. Aðrir lífshættulegir sjúkdómar, sem þarfnast aðgerða, er leita verður út úr landinu.
4. Sykursýki.
5. Mergruni (anaemia perniciososa).

3. gr.

Nú er sjúklingur úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga nr. 78 23. júní 1936, sbr. lög nr. 92 16. desember 1943, um breyting á þeim lögum, og á þá sjúkl-ingurinn rétt á styrk samkvæmt ákvæðum 4. greinar hinna fyrr nefndu laga einnig til að standast kostnað af nauðsynlegri sjúkrahúss- eða hælisvist á næstliðnum tveimur árum, að frádregnum kostnaði af fimm fyrstu vikunum, er þeir eiga í hlut, sem skyldutryggðir eru í sjúkrasamlagi. Endurgreiðsla sjúkrahúss- eða hæliskostnaðar, sem á hefur fallið fyrir þann tíma, er lög nr. 92 16. desember 1943 gengu í gildi, kemur þó ekki til greina, en rétt er að taka tillit til þeirrar sjúkrahúss- eða hælisvistar, þegar ákveðið er, hvenær styrkveiting skuli hefjast.